

Góðan daginn kæru bæjarfulltrúar, forseti bæjarstjórnar, bæjarstjóri og aðrir viðstaddir. Þetta hafa nú verið neikvæðir tímar uppá síðkastið en neikvæðni er eitthvað sem ég nenni ekki að tala um. Það sem ég nenni hinsvegar að tala um er mikilvæga hluti fyrir fólk í samfélaginu. Það sem er mikilvægt og vegur meira á lífsins voginni meira heldur en peningar, Rafmagnstenglar fyrir rafmagnsbíla eða playstation 5. Það er að öllum líði vel.

Því miður þá líður ekki öllum vel og ekki nóg með það. Þau skammast sín fyrir að líða illa. Vitum við hvernig við komum útúr þessu. Hvað verður um einstaklingana sem hættu í skóla, þá sem misstu vinnuna eða þá sem ætluðu að fremja sjálfsmorð. Það er gott að segja. Getum við ætlast til þess að þeir einstaklingar sem eiga erfitt, geti farið í gegnum hið sí erfiða og langa ferli sem fylgir því að leita sér að aðstoðar. Það þarf því fljótt að taka til aðgerða með nútímanum og framtíðinni. Eins og allir vita vel hefur þessi tækni mikla öld breytt miklu fyrir samfélagið okkar. Þar er einmitt tækifæri til þess að efla hjálp til einstaklinga til muna.

Það hafa sprottið upp allskonar hjálparefni og einstaklingar inná samfélagsmiðlunum en það er ekki nóg. Það þarf að einfalda þetta ferli eins mikið og hægt er í þágu einstaklingsins í hverju samfélagi fyrir sig því þetta er ekki eins allsstaðar. Þá kemur að því Skagalíðan.is eða jafnvel skagalíðan app. Svona virkar þetta í dag. Þetta væri mjög skynsamlegt og einföld lausn á mörgu í þágu andlegs líðans hjá fólki á akranesi samkvæmt umræðum sem hafa skapast innan ungmennaráðsins. Þar langar mig að benda á síðuna skagalíf.is ef þið hafið heyrt um hana. Það er frábær síða, hún er einföld, flott og upplýsinga mikil á góðan og hnitmiðaðan hátt. Sem er nákvæmlega það sem skagalíðan ætti vera. Með einfaldar upplýsingar um fræðslu og hvernig skal leita sér aðstoðar á einfaldan hátt. Þetta gæti verið frábært verkfæri akranes kaupstaðar en það þurfa þó allir að vita af því. Ástæðan fyrir því að ég þurfti að

nefna það er að það skiptir ekki máli hvar ég stend og spyr þá einföldu spurningu „veist þú hvað skagalíf.is er?“ Allir eru jafn gáttaðir í hvert einasta skipti. Sem er synd. Nýtum verkfærin okkar og hlustum á þá sem þurfa að nota þau.

Útúr svörun þessa rafrænnu könnunar/málþings kom margt áhugavert út. Það kom svolítið upp í svörun á meðal ungmenna. Að áhersla tómsundamála væri lögð á stóru greinarnar. Það fær okkur til að hugsa, já að sjálf sögu því það stunda flestir þær greinar. Hvað með þá einstaklinga sem stunda neitt. Stunda stóru greinarnar eða þær litlu hvað hafa þeir. Þeir hafa heimili sín til þess að verja sínum frítíma. Frítími er stærsti partur af lífi okkar. Hann er stærri heldur svefn, skóli, og vinna. Frítíma fer aukandi þá helst vegna styttingu vinnu og tækniþróunar. Það má því segja frítími er gríðarlega mikilvægur í okkar lífi. Það bara hlítur að vera. Það er stærsti partur af lífi okkar. Í svörunni sem við fengum voru ungmenni að kalla eftir stað sem er opin eftir skóla til kvölds. Það skiljum við vel. Það er geggjáð að hafa aðstoðu með jafnöldrum til þess að sinna áhugasviðum og lærdóm. Þessi grundvöllur er frábær fyrir uppbyggingu einstaklinga sem þar af leiðandi stuðlar að góðu samfélagi og sterkum einstaklingum. Ég hugsa að ég hafi ekki tíma til þess að rökstyðja mikilvægi tómsunda mikið lengur en ég vona að þið metið mikilvægi þess mikið. En hann helgi ætlar að útskíra stöðu þessa mála betur, hvað varðar frítíma þjónustu á skaganum. Með þessum orðum þakka ég kærlega fyrir mig.